

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1987

Göngufiskar

Sigurður Guðjónsson og

Friðjón Már Viðarsson 1988


Veiðimálastofnun

VMSTR/88011

EINTAK BÓKASAFNS

VEIÐIMÁLASTOFNUN

VMST-R/88011



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1987

Göngufiskar

Sigurður Guðjónsson og

Friðjón Már Viðarsson 1988

Veiðimálastofnun

VMSTR/88011



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir hluta af þeim rannsóknum sem fram fóru á fiskstofnum Blöndu sumarið 1987. Rannsóknir þessar hófust 1982 og munu halda áfram. Framvinduskýrslur eftir rannsóknir hvers árs hafa áður komið út (sjá yfirlit í lok skýrslunnar). Hér er einnig um framvinduskýrslu að ræða, þar sem ætlunin er að rannsóknir haldi áfram.

Rannsóknunum má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða rannsóknir á seiðaástandi og uppeldisskilyrðum fisks í vatnakerfinu. Þeim hluta verða gerð skil í annari skýrslu. Hins vegar er um að ræða rannsóknir á stofnstærð og samsetningu göngufiska og fari þeirra og er það efni þessarar skýrslu.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir hluta rannsókna á sleppingum og endurheimtum gönguseiða (Sigurður Guðjónsson 1988). Auk þess var botndýralíf kannað í vatnakerfinu sumarið 1987 og verður þeim rannsóknum gerð skil síðar.

Staðháttum (Mynd 1) hefur áður verið lýst og vísast til fyrri skýrsla um frekari lýsingar.

Framkvæmd

Talning á fiski í Blöndu fór fram með líku sniði og undanfarin ár. Allur fiskur sem fer upp laxastiga í Blöndu við Ennisflúðir (2 km frá ós Blöndu) gengur í teljara. Teljarinn var að þessu sinni starfræktur frá 4. júní til 18. september. Vitjað var um fjórum sinnum á dag; Á morgnana milli 7 og 8, í hádeginu milli 12 og 13, síðdegis milli 17 og 18 og síðla kvölds fyrir myrkur milli klukkan 22 og 24. Vitjað var um oftast ef fiskgengd var mikil. Í úrvinnslu gagna eru slíkar aukavitjanir sameinaðar næstu reglubundinni vitjun þar á eftir.

Í hverri vitjun var mældur vatnshiti og sjóndýpi (rýni), sem segir til um hve lituð áin er af völdum svifaur. Allur fiskur sem gekk í teljarann var greindur til tegunda og merktur rauðgulum tölusetttum plastmerkjum. Lax var ennfremur kyngreindur og lengdarmældur. Hreistur var tekið af hluta laxagöngunnar og notað til aldursgreiningar. Veiðiuggaklipptur lax var tekinn frá og voru sumir þeirra merktir sérstaklega og

sleppt upp fyrir en öðrum var slátrað svo unnt væri að fá örmerki. Eftir að merki voru tekin úr var slíkur lax lagður inn á reikning Veiðifélags Blöndu hjá Sölufélagi Austur-Húnavetninga.

Lax veiddur í Blöndu neðan flúða var skráður í veiðibók af veiðimönnum. Stuðst var við veiðibækur þessar til að áætla heildarlaxgengd í Blöndu, svo og hlutfall kynja og hlutfall smálax (1 ár í sjó) og stórlax (2 ár í sjó).

Laxateljari var ekki starfræktur í Svartá sumarið 1987. Afli í Svartá var skráður í veiðibók af veiðimönnum. Veiðimenn skráðu einnig númer merktra fiska. Nánast allur afli veiðimanna í Svartá var skoðaður og leitað eftir örmerktum fiski og hreistur tekið af stórum hluta aflans til aldursgreiningar.

Tilraunaveiði í net í Blöndudal var stunduð frá 2 bæjum. Veitt var frá því í júní og fram í september. Netaveiðimenn skráðu lengd veiddra fiska, mekisnúmer ef fiskur var merktur, tóku hreistur og einnig kvarnir af bleikju.

Talsvert af fiski gengur upp flúðirnar framhjá laxastiganum. Sá fjöldi er áætlaður útfrá hlutfalli ómerkts og merkts fisks í veiðinni ofan flúða.

Niðurstöður

Umhverfi

Blanda var yfirleitt lítuð allt sumarið 1987, ef undan er skilin júnímánuður. Ain verður svo aftur tær í lok ágúst (Mynd 2). Vatnshiti fylgir nokkuð magn svifaurs í ánni um sumarið (Mynd 2).

Fiskgengd

Alls gekk 801 lax í teljarann. Þar af voru 28 örmerktir. Auk þess komu laxar merktir áður, 2 frá sumrinu 1986 og 3 frá sumrinu 1985.

Alls gengu í teljarann 684 bleikjur og var hluti göngunnar merkt áður; 96 frá árinu 1986 og 10 árið 1985.

Alls gengu 17 urriðar í teljarann og voru 2 merktir árið 1986.

Göngutími

Eins og fyrri ár bar nokkuð á því að fiskur merktur í sumar kæmi aftur í teljarann. Sá fiskur hefur farið niður flúðirnar.

Göngutími fisktegundanna er nokkuð misjafn eftir tíma dags. Þannig kom mest af laxinum í seinni tveim vitjunum en bleikjan mest í 3 vitjun (Tafla 1). Þó er óvenjumikið af fiski sem kemur fyrri part dags miðað við fyrri ár.

Tafla 1. Skipting fisks sem merktur var í teljara eftir vitjunum.

	Lax		Bleikja		Urriði	
Vitjun kl.	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
7- 8	184	23.8	68	11.7	1	7.7
12-13	180	23.3	146	25.2	3	23.1
17-18	197	25.5	252	43.4	3	23.1
22-24	212	27.4	114	19.7	6	46.1
Samtals	773		580		13	

Fyrstu laxarnir komu 5. júní en stigi hafði þá verið vatnslaus í tvo daga á meðan teljara var komið fyrir. Mikið gekk af laxi fyrri hluta sumars meðan áin var lítið lituð (Mynd 2). Bleikja kom fyrst 12. júní en kynþroska bleikja kom mest í júlí og ókynþroska í ágúst (Mynd 2). Urriði kom í ágúst og september.

Göngutími er háður umhverfisskilyrðum, eins og vatnshita, rennsli og lit á árvatninu eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum. Ef áin er í flóði gengur lítið sem ekkert af fiski upp stigann (Mynd 2).

Fjöldi laxa sem ganga upp stiga og göngutími þeirra ár hvert er því misjafn (Mynd 3). Svo er einnig um bleikjuna (Mynd 4).

Sjávaraldur

Lax sem dvalið hefur 2 ár í sjó, stórlax, kemur að jafnaði fyrr en smálax (1 ár í sjó). Mikið var af stórlaxi sumarið 1987. Hængar skila sér fremur eftir 1 ár í sjó og hrygnur eftir 2 ár í sjó. Önnur samsetning er á fiskinum í teljara (Tafla 2) (Mynd 5) en í stangveiði neðan flúða (Tafla 3), í veiðinni í Blöndudal (Tafla 4) og í stangveiðinni í Svartá (Tafla 5).

Tafla 2 Skipting laxa í teljara eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	190		53		243	31.4
% af smálaxi		78.2		21.8		
% af kyni		63.5		11.2		
Stórlax						
Fjöldi	109		421		530	68.6
% af stórlaxi		20.6		79.4		
% af kyni		36.5		88.8		
Samtals	299	38.7	474	61.3	773	

Tafla 3. Skipting lax í stangveiði í Blöndu eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	307		209		516	41.5
% af smálaxi		59.5		40.5		
% af kyni		54.3		30.8		
Stórlax						
Fjöldi	258		469		727	58.5
% af stórlaxi		35.5		64.5		
% af kyni		45.7		69.2		
Samtals	565	45.5	678	64.5	1243	

Tafla 4 Skipting laxa í Blöndudal eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hengar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	10		2		12	10.7
% af smálaxi		83.3		26.7		
% af kyni		32.3		2.5		
Stórlax						
Fjöldi	21		79		100	89.3
% af stórlaxi		21.0		79.0		
% af kyni		67.7		97.5		
Samtals	31	27.6	81	72.3	112	

Tafla 5. Skipting lax í stangveiði í Svartá eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hengar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	96		33		129	27.9
% af smálaxi		75.6		24.4		
% af kyni		48.0		12.6		
Stórlax						
Fjöldi	104		229		333	72.1
% af stórlaxi		31.2		68.8		
% af kyni		52.0		87.4		
Samtals	200	43.3	262	56.7	462	

Hægt er að nálgast samsetningu heildarstofnsins með því að sameina gögn frá öllum stöðunum (Tafla 6).

Tafla 6 Skipting laxa í vatnakerfi Blöndu eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	604		297		901	34.8
% af smálaxi		67.0		33.0		
% af kyni		55.1		19.9		
Stórlax						
Fjöldi	493		1198		1691	65.2
% af stórlaxi		29.2		70.8		
% af kyni		44.9		80.1		
Samtals	1097	42.3	1495	57.7	2592	

Aldursamsetning

Hreistursöfnun tókst vel og gott úrtak af hreistri náðist sumarið 1987. Allörugg mynd fékkst því af aldursamsetningu laxins bæði í Svartá (Tafla 7) og í Blöndudal (Tafla 8), í teljara (Tafla 9) svo og í öllu vatnakerfinu (Tafla 10). Uppistaðan í laxgengd sumarið 1987 var klakárgangur 1981 (Tafla 11).

Tafla 7 Aldursamsetning laxa í Svartá eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
Ar í ferskvatni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
1 ár								
2 ár								
3 ár		1	5	14			20	20.2
4 ár	10	5	10	44			69	69.7
5 ár	3	2		5			10	10.1
Samtals	13	8	15	63			99	
%		21.2		78.8				

Tafla 8 Aldursamsetning laxa í Blöndudal eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
Ar í ferskvatni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
1 ár								
2 ár				3			3	2.9
3 ár	4	2	11	29			46	43.8
4 ár	4		9	40			53	50.4
5 ár	1		1	1			3	2.9
Samtals	9	2	21	73			105	
%		10.5		89.5				

Tafla 9 Aldursamsetning laxa í Blönduteljara eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
Ar í ferskvatni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
1 ár								
2 ár								
3 ár	7	4	9	39	2		61	27.1
4 ár	18	7	23	91	1	1	141	62.7
5 ár	7	3	2	11			23	10.2
Samtals	32	14	34	141	3	1	225	
%		20.4		77.8		1.8		

Tafla 10 Aldursamsetning laxa í vatnakerfi Blöndu eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
Ar í ferskvatni	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
1 ár								
2 ár				3			3	0.7
3 ár	11	7	22	78	2		120	30.3
4 ár	32	12	42	151	1	1	239	60.4
5 ár	10	5	3	16			34	8.6
Samtals	53	24	67	248	3	1	436	
%		19.4		79.6		1.0		

Tafla 13 Styrkur einstakra klakárganga í aldursgreindum laxi í vatnakerfi Blöndu 1987.

Hrygning ár	Klak ár	Blöndudalur fjöldi %	Svartá fjöldi %	Vatnakerfið fjöldi %
1979	1980	2 1.9	5 5.1	21 5.3
1980	1981	50 47.6	59 59.6	210 53.0
1981	1982	44 41.9	34 34.3	144 36.4
1982	1983	9 8.6	1 1.0	21 5.3

Veiði og fiskgengd

Fiskgengd í Blöndu var mikil sumarið 1987 og veiði góð samanborið við fyrri ár (Tafla 14) (Mynd 6). Í Blöndudal var hlutfall ómerktra laxa hærra (34.2%) en í Svartá (27.7%). Til að áætla fjölda þeirra laxa sem gengu upp flúðir og þar með framhjá teljara var notað vegið meðaltal sem er 28.9 % (Tafla 14).

Tafla 14 Fiskgengd og veiði í vatnakerfi Blöndu 1982-1987.

	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Ætlaður heildarlaxastofn*	1173	1024	1003	2225	2955	2369
Ætlaður heildarbleikjustofn#	-	400	-	802	811	723
Veitt í Blöndu að Svartá lax	854	503	522	766	1814	1243
Teljari v/Ennisflúðir Lax	226	411	361	1103	1041	801
Bleikja	436	308	519	722	764	684
Urriði	13	13	23	14	35	17
Ætluð ganga um flúðir						
Fjöldi laxa	93	110	120	356	100	326
% ómerktra laxa	29.2	21.2	25.0	24.4	9.8	28.9
Fjöldi bleikja	-	92	-	80	49	39
% ómerktra bleikja	-	23.0	-	10.0	6.0	5.4
Veiddur lax í Blöndu o/Svartár	2	5	3	77	83	114
Veidd bleikja í Blöndu o/Svartár	-	31	3	45	130	56
Svartárteljari lax	31	74	129	313	204	-
Veitt í Svartá lax	55	153	131	330	388	462
Veitt í Svartá o/teljara	28	85	81	125	178	-
Veiðiálag í Svartá o/teljar %	-	-	62	40	-	-
Veiðiálag í Blöndu n/flúðir %	73	49	52	34	61	52
Veiðiálag af heildarstofni %	78	65	65	53	77	77

* Vantar þann lax sem hugsanlega gengur eftir að teljari er tekin upp og þann lax sem verður eftir neðan flúða.

Vantar inn þá bleikju sem veidd er neðan flúða

Klakveiði

Árið 1987 voru 43 laxar veiddir í klak, sem er álíka margir laxar og undanfarin ár. Laxarnir voru veiddir í Blöndu í Langadal og í Svartá.

Umræða

Í þessari skýrslu hefur einkum verið leitast við að taka rannsóknarniðurstöður frá sumrinu 1987 saman og bera þær saman við niðurstöður fyrri ára. Þar sem hér er um framvinduskýrslu að ræða verður umræða um niðurstöður rannsókna í lágmarki.

Laxgengd var mikil í Blöndu sumarið 1987 eins og útlit var fyrir um (Sigurður Guðjónsson 1987). Einkum var mikið af stórlaxi sem kemur fyrri part sumars. Veiði var góð og var hlutur Svartár mikill og kom það aðallega til að því að lax komst greiðlega upp Blöndu fyrri part sumars þegar áin var lítið lituð. Seinni part sumars var áin lituð og vatnsmikil og komst smálaxinn sem kemur síðsumars seint upp ána. Því var uppistaðan í veiðinni ofan flúða stórlax. Veiðin neðan flúða var hins vegar blandaðri og var smálax í talsverðum mæli í veiðinni þar. Það kemur enn á ný fram að umhverfispættir hafa mikil áhrif á fiskgengd og veiði á vatnasvæði Blöndu. Veiðialag í Blöndu var hátt sumarið 1987 eins og fyrri ár.

Lax kom snemma í Blöndu sumarið 1987 eins og aðrar ár í landinu. Ef til vill hefur eitthvað af laxi verið komin upp stiga áður en teljari var settur niður. Getur það ef til vill skýrt hátt hlutfall af ómerktum fiski ofan flúða. Herra hlutfall er af ómerktum laxi í Blöndudal en í Svartá. Svo var einnig sumarið 1986 (Sigurður Guðjónsson 1986). Einnig er meira um stórlax þar en í Svartá. Þetta er í samræmi við rannsóknarniðurstöður sumarsins 1986 (Sigurður Guðjónsson 1987). Svo virðist sem að laxastofnar úr heiðaanum og fremri Blöndu séu með herra hlutfall af stórlaxi.

Sjóbleikjugengd var allgóð í Blöndu sumarið 1987. Erfitt er að áætla heildarbleikjugengd í ána þar sem talsvert veiðist af bleikju neðan flúða en er illa skráð.


Stórlax var uppistaðan í laxgengd 1987. Minna var af smálaxi en undanfarin ár. Er það eins og búast mátti við út frá seiðarannsóknnum (Sigurður Guðjónsson 1987b). Uppistaðan í laxgengd sumarins 1987 var 1981 klakárgangurinn. Talsvert er einnig af 1982 klakárganginum. Árgangarnir frá 1983 og 1984 eru hins vegar fremur litlir og má því búast við minnkandi veiði næstu ár. Næsta sumar, sumarið 1988 verður laxgengd því að öllum líkindum minni en sumarið 1987. Út frá smálaxagengd sumarið 1987 verður stórlaxagengd sumarið 1988 minni og smálaxagengd 1988 verður vart mikil vegna smarra seiðaárganga. Laxgengd ætti þó að verða í meðallagi sumarið 1988.

Líffræðirannsóknir er í eðli sínu langtímarannsóknir einkum þar sem umhverfissveiflur eru miklar eins og er á Íslandi. Nauðsynlegt er að rannsóknir á fiskstofnum Blöndu haldi áfram. Við virkjun tekur við nýtt rannsóknartímabil sem er tími breytinga í kjölfar virkjunar. Þar á eftir hefst annað tímabil í rannsóknunum þar sem athugað verður nýtt jafnvægi vistkerfisins eftir virkjun.

Rannsóknir á fiskstofnum fram að þessu hafa verið til að fá mat á fiskstofnum og fiskframleiðslu í vatnakerfinu fyrir virkjun. Fylgst hefur verið með fjölda og ferðum göngufisks, uppeldisvæði kortlögð og seiðaástand kannað. Í sumar verður rannsóknnum haldið áfram á þessum þáttum. Reynt verður að kanna uppeldissvæði í Blöndu í Blöndugili sérstaklega ef aðstæður leyfa. Mikilvægt er að vitneskju um hvort á því svæði eigi sér stað laxaframleiðsla og hversu mikil hún er. Ef um umtalsverða framleiðslu er að ræða á þessu svæði verður að skoða vel þann möguleika að viðhalda framleiðslu á þessu svæði upp að fyrirhugaðri stíflu við Reftjarnarbungu. Til að það sé mögulegt þarf fiskur að komast upp úr fyrirhuguðum skurði við frárennsli stöðvarhúss, en til þess þarf fiskveg. Einnig gæti reynst nauðsynlegt að tryggja vatnsrennsli á þessu svæði með því að hleypa vatni úr lóninu. Af þessu má sjá að kanna þarf umrætt svæði eins vel og kostur er.

Að lokum vilja höfundar skýrslu þessarar þakka öllum þeim sem á einn eða annan hátt hafa lagt hönd á plóginn við rannsóknirnar í vatnakerfi Blöndu.

VATNAKERFI BLÖNDU




Mynd 1. Vatnakerfi Blöndu.


a)



b)

BLANDA





CM







Mynd 2. Mælingar á a) vatnshita, b) sjóndýpi, c) laxagöngu, d) bleikjugöngu, við Ennisflúðir sumarið 1987.




Mynd 2. Mælingar á a) vatnshita, b) sjóndýpi, c) laxagöngu, d) bleikjugöngu, við Ennisflúðir sumarið 1987.




Mynd 3a. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1982.




Mynd 3b. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1983.




Mynd 3c. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1984.




Mynd 3d. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1985.




Mynd 3e. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1986.




Mynd 3f. Dagleg uppsöfnuð laxgengd í teljara árið 1987.




Mynd 4a. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1982.




Mynd 4b. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1983.




Mynd 4c. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1984.




Mynd 4d. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1985.




Mynd 4e. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1986.



Mynd 4f. Dagleg uppsöfnuð bleikjuganga í teljara árið 1987.



Mynd 5. Lengdardreifing laxa sem gengu í Blönduteljara sumarið 1987 skipt eftir kynjum. Hægar styttri en 77 cm taldir sem eins árs úr sjó, lengri hægar tveggja ára úr sjó. Hrygnum skipt eins við 68 cm.



Mynd 6. Heildarlaxveiði á stöng í Svartá ·····, Blöndu —, í Öllu vatnakerfi Blöndu --- árin 1959-1987 og áætluð heildarlaxgengd 1982-1987 ·····.

Heimildarit

Finnur Garðarsson 1983. Slepping sumaralinna laxaseiða í pverár Blöndu 16. júlí 1983. Veiðimálastofnun. Skýrsla 8 bls.

Finnur Garðarsson og Þórólfur Antonsson 1984. Seiðarannsóknir í vatnakerfi Blöndu árin 1981 og 1983. Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun. Fjölrit 46. 55 bls.

Finnur Garðarsson og Þórólfur Antonsson 1985. Niðurstöður seiðarannsókna í vatnakerfi Blöndu árið 1984 og mat á uppeldisskilyrðum fyrir laxaseiði í heiðaanum ofan Reftjarnarbungu. Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun. Skýrsla. 22 bls.

Finnur Guðmundsson og Geir Gígja 1942. Vatnakerfi Blöndu. Atvinnudeild Háskólans. Rit Fiskideildar nr. 1.

Friðjón Már Viðarsson 1987. Sjöbleikjurannsóknir í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu. Háskóli Íslands. Líffræðiskor. 5 eininga rannsókarverkefni 32. bls

Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1986. Rannsóknir á fiskistofnum Blöndu 1985. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86008. 40 bls.

Jón Kristjánsson 1980. Fiskifræðilegar rannsóknir á vatnakerfi Blöndu 1975-1979. Orkustofnun. OS80032/ROD13. Skýrsla 30 bls.

Sigurður Már Einarsson 1982. Smáseiðasleppingar á laxaseiðum í pverár Blöndu 22.-25. júlí 1982. Veiðimálastofnun. 7 bls.

Sigurður Guðjónsson 1986 a. Seiðakönnun í vatnakerfi Blöndu 1985 auk yfirlits um fyrri kannanir. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86018. 23 bls.

Sigurður Guðjónsson 1986 b. Horfur á laxgengd í Blöndu sumarið 1986. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86012. 5 bls.

Sigurður Guðjónsson 1987 a. Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1986. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/87012. 23 bls.

Sigurður Guðjónsson 1987 b. Niðurstöður seiðarannsókna í vatnakerfi Blöndu 1986. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/87013. 23 bls.

Sigurður Guðjónsson 1987. Migration of anadromous Arctic char (Salvelinus alpinus L.) in a glacier river, River Blanda, North Iceland. Erindi flutt á ráðstefnu um far laxfiska, haldin í Þrándheimi. Júní 1987. Í prentun. Veiðimálastofnun VMSTR/87048.

- Sigurður Guðjónsson 1988. Sleppingar gönguseiða í Blöndu og endurheimtur þeirra. Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun, Vistfræðideild. Skýrsla VMSTR/88008. 8 bls.
- Teitur Arnlaugsson 1976 a. Blanda A-Húnavatnssýslu. Rafveiðar 12. 8. 1976. Veiðimálastofnun. Skýrsla 1 bls.
- Teitur Arnlaugsson 1976 b. Seiðakönnun á Svartá í A-Húnavatnssýslu. Veiðimálastofnun. Skýrsla 7 bls.
- Vigfús Jóhannsson 1984. Fæða fiska í Blöndu, Haugakvísl og Seyðisá. Veiðimálastofnun. Skýrsla 7 bls.
- Þórólfur Antonsson 1982. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1982. Veiðimálastofnun. Skýrsla 32 bls.
- Þórólfur Antonsson 1984. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1983. Veiðimálastofnun. Skýrsla 37 bls.
- Þórólfur Antonsson 1985. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1984. Veiðimálastofnun. Skýrsla 31 bls.